



Til: "Gunnlaugur Róbertsson" <gunnlaugur@hornafjordur.is>
Efni: Fw: Ósk um umsögn, aðalskipulagsbreyting Reynivöllum II
Upplýsingar: Sent: 05.03.2018 14:55:15 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018010106, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018010106

Vísað er til bréfs frá sveitarfélaginu Hornafjörður, dags. 12. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar sem felst í að skilgreina nýjan verslunar- og þjónustureit að Reynivöllum II.

Svæði það sem um ræðir er rétt við mörk Vatnajökulsþjóðgarðs og þar eru ekki byggingar fyrir. Það er því afar mikilvægt að allar framkvæmdir á svæðinu, ásýnd á svæðið og hönnun og útlit húsa taki fyllsta tillit til þessa. Þeir sem koma að þessu máli gera sér vafalaust vel grein fyrir því, t.d. þegar komið er að svæðinu austan frá, að við Reynivelli opnast sýn inn til Vatnajökuls og margra jökla hans. Það er því áriðandi að í deiliskipulagi, komi til þess, verði skilmálar sem tryggja bæði að allt rask verði sem minnst en einnig að útlit hótels á svæðinu taki mið af því hvar það er staðsett. Aðalskipulagsbreytingin þarf því að endurspegla þetta með skýrum hætt eins og komið er inn á í greinagerð undir „Stefna um uppbyggingu þessa er“. Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við skipulagstillöguna en bendir á eftirfarandi við frekari vinnslu á málinu:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða áhrif þessa skipulags og væntanlegs deiliskipulags m.t.t. allar framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Ósk um umsögn, aðalskipulagsbreyting Reynivöllum II

Málsnúmer: 2018010106

Númer skjals:

Skráð: 17. janúar 2018

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Sveitarfélagið Hornafjörður

Nafn: Gunnlaugur Róbertsson

Vinnsla

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:

Ósk um umsögn, aðalskipulagsbreyting Reynivöllum II

Viðhengi:

[attachment "Auglýsing.tif" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]